



1439. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þann 8.9.2026 og hefst kl: 17:00

2609-6349

Dagskrá

1. 2608-5774 - Heimild til að sinna starfi skipulagsfulltrúa

Halla Marta Árnadóttir, skipulagsfulltrúi Akraneskaupstaðar, er í fæðingarorlofi. Lagt er til að Berglind Sigurðardóttir, skipulagsfræðingur, gegni starfi skipulagsfulltrúa tímabundið þar til Halla Marta snýr aftur til starfa. Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 27. ágúst 2026, með vísan til 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að Berglind Sigurðardóttir, skipulagsfræðingur, gegni tímabundið starfi skipulagsfulltrúa Akraneskaupstaðar þar til Halla Marta Árnadóttir snýr aftur til starfa úr fæðingarorlofi. Berglind uppfyllir hæfnisskilyrði skipulagsfulltrúa samkvæmt 5. mgr. 7. gr. skipulagslaga. Ráðningin verði tilkynnt Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnunar í samræmi við 1. mgr. 7. gr. skipulagslaga. Bæjarráð vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar sbr. áskilnað laga.

2. 2601-0072 - Skammtímadvöl á Vesturlandi

Á fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 01.09.2026 var lögð fram tillaga að rekstri skammtímadvalar á Vesturlandi sem framkvæmdastjórar sveitarfélaga á Vesturlandi unnu í samstarfi við sviðsstjóra velferðarsviða á svæðinu. Á fundinum var gerð eftirfarandi bókun: Velferðar- og mannréttindaráð fagnar framlagðri tillögu að rekstri skammtímadvalar fyrir fötluð börn á Vesturlandi og samþykkir hana fyrir sitt leyti. Bókun frá fulltrúa Samfylkingar: Árétta mikilvægi þess að þátttaka í þessari uppbyggingu hafi ekki áhrif á áætlanir sveitarfélagsins um uppbyggingu skammtímadvalar á Akranesi. Málinu var vísað til afgreiðslu í bæjarstjórn.

3. 2607-5417 - Beiðni um kaup á húsgögnum í Brekkubæjarskóla

Beiðni frá Brekkubæjarskóla um kaup á húsbúnaði í 10 kennslustofur. Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 27. ágúst 2026 viðbótarfjármagn að fjárhæð kr. 2.529.526 vegna kaupa á nýjum húsbúnaði (skápar og hillur) en við eldri framkvæmd varð að farga eldri búnaði og ekki ráðist í nýkaup á þeim tíma. Fjármagnið er fært á deild 0422-2880 og er mætt með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi ársins 2026. Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 19 samkvæmt framangreindu og vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

4. 2606-5360 - Langtímaveikindi starfsfólks 2026 (veikindapottur) fyrri hluti

Umsóknir í veikindapott frá stofnunum til að mæta kostnaði vegna langtímaveikinda starfsfólks fyrir hluta ársins 2026, vegna tímabilsins janúar til og með júní. Bæjarráð fjallaði um málið á fundi sínum þann 2. júlí sl. og óskaði eftir að fyrirliggjandi umsóknir í veikindapott Akraneskaupstaðar yrðu rýndar frekar og frestaði afgreiðslu málsins. Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 27. ágúst 2026 úthlutun fjármuna vegna kostnaðar stofnana Akraneskaupstaðar við afleysingar vegna veikindaforfalla starfsmanna á árinu 2026. Úthlutunin er vegna tímabilsins 1. janúar til og með 30. júní og nemur samtals kr. 80.350.345 sbr. meðfylgjandi fylgiskjal. Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 20 að fjárhæð kr. 80.350.345 og er ráðstöfuninni mætt af deild 20830-1691, samtals að fjárhæð kr. 60.000.000 og kr. 20.350.345 með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi ársins 2026. Fjármunirnir eru færðir á tegundarlykilinn 1691 á hverja stofnun fyrir sig samkvæmt skiptingu sbr. meðfylgjandi fylgiskjal. Bæjarráð vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

5. 2608-6125 - Þróun gagnaverssvæðis í Grjótkelduflóa á Akranesi

Viljayfirlýsing Akranesskaupstaðar við starfstarfsaðila um þróun gagnaverssvæðis í Grjótkelduflóa var undirrituð miðvikudaginn 2. september sl. með fyrirvara um samþykkti bæjarráðs og bæjarstjórnar.

6. 2609-6432 - Tillaga að eflingu félags- og íþróttastarfi fyrir fatlaða

Tillaga til bæjarstjórnar frá bæjarfulltrúum Samfylkingar, Viðreisnar og Miðflokksins þar sem lagt er til að Akranesskaupstaður í samstarfi við Íþróttabandalag Akraness og Notendaráð um málefni fatlaðs fólks á Akranesi, vinni að útfærslu á tilboðum á reglubundinni hreyfingu og félagsstarfi fyrir fatlað fólk á Akranesi.

7. 2609-6462 - Fundartími bæjarstjórnarfunda - Haustið 2026

Ákvörðun liggur fyrir um breytingu á bæjarmálasamþykkt Akranesskaupstaðar varðandi fundartíma bæjarstjórnar sem framvegis verði að jafnaði kl. 15:00 en beðið er birtingar þessa í Stjórnartíðindum. Þrátt fyrir framangreint eru aðstæður bæjarfulltrúa þannig sem stendur að tímasetning bæjarstjórnarfundar haustið 2026 verði kl. 16:00. Gert er ráð fyrir að á fundi bæjarstjórnar þann 8. desember nk. verði tekim ákvörðun um fundartíma vorsins 2027.

8. 2608-6081 - 3631. fundur bæjarráðs

3631. fundargerð bæjarráðs frá 27. ágúst 2026.

9. 2608-6169 - 4. fundur mennta- og menningarráðs

Fundargerð 4. fundar mennta- og menningarráðs frá 1. september 2026.

10. 2608-5997 - 271. fundur velferðar- og mannréttindaráðs

271. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 1. september 2026.

11. 2608-5737 - 360. fundur skipulags- og umhverfisráðs

360. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 31. ágúst 2026.

12. 2601-0928 - Fundargerðir júní 2026 Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

172. fundargerð stjórnar Höfða frá 25. júní 2026

13. 2602-1293 - Fundargerðir maí og júní 2026 - Faxaflóahafnir

268. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 22. maí 2026. 269. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 12. júní 2026.

14. 2605-4012 - Fundargerð aðalfundar Faxaflóahafna sf 2026

Fundargerð aðalfundar Faxaflóahafna sf. sem haldinn var 12. júní 2026.

15. 2602-1645 - Fundargerðir ágúst 2026 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

203. fundargerð Heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 19. ágúst 2026.

Akranesi, 7. september 2026
Ragnar B. Sæmundsson

